

## LÖG

### um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (varnarlína um fjárfestingarbankastarfsemi).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Takmörkun á stöðutöku viðskiptabanka og sparisjóða.*

Beinar og óbeinar stöður kerfislega mikilvægs viðskiptabanka eða sparisjóðs í fjármálagerningum, að frátöldum skuldabréfum utan veltubókar, og hrávörum mega ekki vera svo miklar að samanlögð eiginfjárförf viðskiptabankans eða sparisjóðsins vegna staðanna samkvæmt viðmiðum sem Fjármálaeftirlitið birtir skv. 116. gr. a, með tilliti til áhættuþátta sem fjallað er um í 1. mgr. 84. gr. e, sé umfram 15% af eiginfjárgrunni hans. Með beinni stöðu er átt við eignarhald viðskiptabanka eða sparisjóðs á fjármálagerningi eða hrávöru. Með óbeinni stöðu er átt við að áhætta viðskiptabanka eða sparisjóðs af óhagstæðum breytingum á virði fjármálagernings eða hrávöru sé sambærileg því að hann ætti hana sjálfur. Hlutfallið skal reiknað á samstæðugrunni með dótturfélögum viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Fjármálaeftirlitið getur veitt tímabundna undanþágu frá hámarki skv. 1. mgr. ef það þjónar hagsmunum eigenda tryggðra innstæðna eða styður við fjármálastöðugleika.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um hvað telst til óbeinnar stöðu. Í reglunum má kveða á um birtingu upplýsinga um hlutfall skv. 1. mgr.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2022.

*Gjört á Bessastöðum, 5. mars 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*